

IKEA baðherbergi

Upplýsingar um ábyrgðir

10

3

Baðinnréttingar, borðplötur,
handlaugar, blöndunartæki,
hitastýrð blöndunartæki,
aukahlutir fyrir sturtu og speglar



Daglegt heimilislíf gerir miklar kröfur til húsbúnaðar á baðherberginu. Þess vegna gangast baðvörurnar okkar undir ströng próf til að tryggja að þær uppfylli kröfur okkar um gæði, öryggi og endingu. Vörurnar eru prófaðar samkvæmt ströngustu stöðlum fyrir húsbúnað á heimilum.

Við bjóðum upp á 10 ára ábyrgð sem nær yfir galla í efni og framleiðslu á ENHET, HAVBÄCK, ÄNGSJÖN, TÄNNFORSEN, HAGAÅN, FAXÄLVEN, BYASJÖN og LETTAN baðinnréttingum, TOLKEN og ÅLSKEN borðplötum, ALMAÅN fótum, öllum handlaugum, blöndunartækjum og hitastýrðum blöndunartækjum.

Við bjóðum upp á 3 ára ábyrgð fyrir ÅBÄCKEN stút á blöndunartæki og alla aukahluti fyrir sturtuna, eins og sturtustangir, sturtuhausa, handsturtur, sturtubarka og standa fyrir handsturtur.

Ábyrgðin gildir samkvæmt ábyrgðarskilmálum sem koma fram í þessum bæklingi.

10

ENHET, HAVBÄCK, ÄNGSJÖN, TÄNNFORSEN, HAGAÅN baðinnréttingar, LETTAN og FAXÄLVEN speglar og speglaskápar, BYASJÖN vaskaskápar með hurðum, TOLKEN og ÅLSKEN borðplötur og ALMAÅN fætur eru með 10 ára ábyrgð.

10

Handlaugar, blöndunartæki og hitastýrð blöndunartæki eru með 10 ára ábyrgð.

3

Aukahlutir fyrir sturtuna eru með 3 ára ábyrgð.

ENHET, HAVBÄCK, ÄNGSJÖN, TÄNNFORSEN, HAGAÅN, FAXÄLVEN, BYASJÖN, TOLKEN, ÅLSKEN, ALMAÅN og LETTAN

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin á ENHET, HAVBÄCK, ÄNGSJÖN, TÄNNFORSEN, HAGAÅN, FAXÄLVEN, BYASJÖN, LETTAN, TOLKEN, ÅLSKEN og ALMAÅN vörunum sem eru listaðar upp hér fyrir neðan gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færist ekki á milli eigenda.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær aðeins til heimilisafnota og nær til galla í efni og framleiðslu á eftirfarandi baðinnréttingum:

- ENHET
- HAVBÄCK
- ÄNGSJÖN
- TÄNNFORSEN
- HAGAÅN
- FAXÄLVEN
- BYASJÖN
- LETTAN
- ALMAÅN
- ENHET fótum
- TOLKEN
- ÅLSKEN

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar, settar saman eða settar upp á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breyttar eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum. Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispúr eða skemmdir vegna óhappa eða högga. Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð annars staðar en á heimilum, utandyra eða í tærandi umhverfi. Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð

hefur farið fram án heimildar IKEA. Allir gallaðir hlutar sem fjarlægðir eru við viðgerð eru eign IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavininn útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Uppsetning

ENHET, HAVBÄCK, ÄNGSJÖN, TÄNNFORSEN, HAGAÅN, FAXÄLVEN og LETTAN húsgögn þarf að festa við vegg. Gættu þess að veggirnir á baðherberginu þoli þyngd húsgagnanna, því röng uppsetning getur valdið skemmdum eða slysum. Hafðu samband við fagaðila ef þú ert í vafa með uppsetninguna. Veggir eru mismunandi og þurfa því mismunandi skrúfur og festingar. Hafðu samband við fagaðila til að fá ráðleggingar um hvaða skrúfur og festingar henta veggjunum þínum. Fylgdu leiðbeiningum um samsetningu, uppsetningu og umhirðu.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

Handlaugar, blöndunartæki og aukahlutir

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin á handlaugum og blöndunartækjum gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupnum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færir ekki á milli eigenda. ÅBÄCKEN stútur á blöndunartæki er með 3 ára ábyrgð.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær til allra handlauga, auk vatnslása og blöndunartækja sem keypt eru í IKEA. Ábyrgðin nær aðeins til heimilisafnota og nær til galla í efni og framleiðslu á öllum handlaugum og blöndunartækjum. Vörurnar okkar eru prófaðar langt umfram alla alþjóðlega staðla og við notum aðeins gæðahluti til að tryggja endingu þeirra.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga. Ábyrgðin nær ekki yfir síu/vatnssparandi búnað sem þarf að hreinsa reglulega og skipta út eftir þörfum. Fylgdu leiðbeiningum um samsetningu og umhirðu. Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar, settar saman eða settar upp á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breytt eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum. Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð annars staðar en á heimilum, utandyra eða í tærandi umhverfi. Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Blöndunartæki sem skipt er út er eign IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavininn útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Uppsetning

Gættu þess að veggirnir á baðherberginu þoli þyngd húsgagnanna og handlaugarinnar, því röng uppsetning getur valdið skemmdum og slysum. Hafðu samband við fagaðila ef þú ert í vafa með uppsetninguna. Veggir eru mismunandi og þurfa því mismunandi skrúfur og festingar. Hafðu samband við fagaðila til að fá ráðleggingar um hvaða skrúfur og festingar henta veggjunum þínum. Fylgdu leiðbeiningum um samsetningu, uppsetningu og umhirðu.

Vottun

Sum lönd krefjast sérstakrar vottunar fyrir blöndunartæki sem ætluð eru fyrir baðherbergi. Blöndunartækin okkar bera viðeigandi vottun fyrir alla markaði.

Almenn réttindi

Ábyrgðin veitir þér tiltekin réttindi. Hún hefur á engan hátt áhrif á lagalegan rétt þinn.

Hafðu samband

Ef þú þarft frekari upplýsingar getur þú haft samband við IKEA í síma 520 2500 eða á [IKEA.is](https://www.ikea.is).

Hitastýrð blöndunartæki og aukahlutir fyrir sturtu

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin á hitastýrðum blöndunartækjum fyrir sturtu gildir í 10 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færist ekki á milli eigenda.

- BROGRUND, VOXNAN og VALLAMOSSE hitastýrð blöndunartæki fyrir sturtu og hitastýrð blöndunartæki fyrir bað/sturtu.
- OPPEJEN sturtuhurð og sturtugler.
- FOTINGEN sturtubotn.

Hversu lengi gildir ábyrgðin?

Ábyrgðin á aukahlutum fyrir sturtu sem eru listaðir hér fyrir neðan gildir í 3 ár frá þeim degi sem varan er keypt í IKEA. Upphafleg kvittun þarf að fylgja með sem staðfesting á kaupunum. Ábyrgðin gildir eingöngu fyrir þann aðila sem upprunalega kaupir vöruna. Hún færist ekki á milli eigenda.

BROGRUND og VOXNAN

- Sturtuhausar
- Handsturtur
- Sturtubarkar
- Sturtustangir
- Sturtuhillur

VALLAMOSSE

- Handsturtur
- Sturtubarkar
- Sturtustangir

LILLREVET

- Handsturtur
- Sturtubarkar

KOLSJÖN

- Festingar fyrir sturtuhaus
- Sturtubarkar

OPPEJEN

- Þurrkur
- Þéttilistar

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær til alls sturtubúnaðar hjá IKEA. Ábyrgðin nær aðeins til heimilisafnota og nær til galla í efni og framleiðslu á öllum sturtubúnaði. Vörurnar okkar eru prófaðar langt umfram alla alþjóðlega staðla og við notum

aðeins gæðaefnivið til að tryggja að við getum staðið við þessar 3 ára og 10 ára ábyrgðir.

Hvað fellur ekki undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær ekki yfir venjulega notkun, rispur eða skemmdir vegna óhappa eða högga. Fylgdu leiðbeiningum um samsetningu og umhirðu. Ábyrgðin gildir ekki um vörur sem hafa verið geymdar, settar saman eða settar upp á rangan hátt, notaðar á óviðeigandi hátt, hlotið slæma meðhöndlun, verið breyttar eða hreinsaðar með röngum efnum eða aðferðum. Ábyrgðin gildir ekki ef varan hefur verið notuð utandyra eða í tærandi umhverfi. Ábyrgðin nær ekki yfir skaða vegna tilfallandi eða afleidds tjóns.

Hvað gerir IKEA til að leysa vandann?

IKEA skoðar vöruna og tekur ákvörðun um hvort ábyrgðin gildi í hverju tilfelli fyrir sig. IKEA áskilur sér rétt til að úrskurða um það eins fljótt og auðið er eftir að vörunni er skilað. Ef ábyrgðin er í gildi ákveður IKEA hvort gert er við vöruna eða henni skipt út fyrir sömu vöru eða sambærilega. IKEA ber þá kostnað af viðgerð, varahlutum, vinnu og ferðum starfsfólks sem IKEA fær til viðgerðanna. Þetta á þó aðeins við ef varan er aðgengileg án þess að viðbótarkostnaður hljóti af. Þetta á ekki við í þeim tilfellum þar sem viðgerð hefur farið fram án heimildar IKEA. Ef varan er ekki lengur seld hjá IKEA verður viðskiptavininn útveguð sambærileg vara. IKEA áskilur sér rétt til að ákveða hverju sinni hvað er sambærileg vara.

Uppsetning

Fylgdu leiðbeiningum um samsetningu, uppsetningu og umhirðu. Hafðu samband við fagaðila ef þú ert í vafa með uppsetninguna.

Vottun

Sum lönd krefjast sérstakrar vottunar fyrir sturtubúnað. Sturtubúnaðurinn okkar ber viðeigandi vottun fyrir alla markaði.

Geymdu kvittunina

Hún er staðfesting á kaupunum og hennar er krafist til að ábyrgðin gildi. Ef eitthvað kemur upp á eða ef varan stenst ekki kröfur þínar, vinsamlega hafðu þá samband við IKEA á [IKEA.is](https://www.ikea.is) eða hringdu í 520 2500.

